

Nr. 111 / 09 Skátinn GK 82***Sekkur í Akraneshöfn***

Skipaskr.nr. 1373
 Smíðaður: Akureyri 1974, eik
 Stærð: 29,0 brl. 27,0 bt.
 Mesta lengd: 17,47 m Skráð lengd: 15,74 m
 Breidd: 4,3 m Dýpt: 2,08 m
 Vél: Cummins 261 kW, 1987
 Fjöldi skipverja: 0



Skátinn©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 15. febrúar 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 16. september 2009 var Skátinn GK 82 við bryggju á Akranesi. Veður: SA 3-6 m/s.

Skipið hafði legið um tíma í höfninni og verið fært að Viðgerðarbryggju við Lambhúsasundi nokkrum dögum áður þar sem það átti að fara í slipp. Á meðan það lá við bryggjuna hafði verið unnið að hreinsun með háþrýsti spúl ofan þilja nokkrum dögum áður.



Skátinn GK sokkinn©Skessuhorn

Þegar starfsmenn slippisins komu til vinnu um morguninn virtist allt vera í lagi með skipið en skömmu síðar var það sokkið. Aðfaranótt 18. september var skipinu náð á flot og það tekið í slipp á flóðinu þá um daginn.

Við rannsókn kom fram:

- að starfsmenn slippisins komu til vinnu um kl. 08:00 en þeir fóru ekki um borð í skipið. Þeir sögðust ekki hafa lensað á meðan það lá við bryggjuna og beðið upptöku. Skipið var sokkið um kl. 10:00

- að við skoðun í slipp sást djúpt mar sem brotnað hafði innúr á súðinni en það var sennilega afleiðing af því þegar skipið lagðist á botninn;
- að sjólagirnir í vélarúmi virtust vera heilar og ólekar en botnlokar voru opnir;
- að útfallslögn, frá klósetti ofan þilfars, var rofin innan við síðuloka í stjórnborðssíðu. Lögnin var, stálrör 88 mm að utanmáli (3“ lögn innanmál), skrúfuð í koparrenniloka og hafði stálið ryðbrunnið í sundur í snittinu allan hringinn þétt við koparinn. Hún var því laus frá lokanum. Verulegar litabreytingar voru á ryðinu sem benda til þess að lekið hafi þarna öðru hvoru um langan tíma. Síðusponsið frá klósettlögninni var tvær til þrjár tommur ofan sjólínu og þurfti skipið því ekki að síga nema sem því nam eða hallast svo sjór rynni inn;
- að nokkrar fúaskemmdir voru víða í meginþilju sem orsakað gátu leka niður í skipið en rigning var um morguninn. Ekki var verið að vinna við skipið um morguninn því hreinsun ofanþilja með háþrýstispúl hafði lokið nokkrum dögum áður að sögn verktaka;
- að tvær lensidælur voru í vélarúmi önnur reimdrifin af vélinni en hin rafdrifin, ekki búin sjálfvirknibúnaði, og því stjórnun handvirk. Að sögn eiganda var lítill leki að skipinu og því farið öðru hvoru um borð til að lensa. Síðast sagðist hann hafa lensað þegar báturinn var færður á milli bryggja;
- að sögn eiganda hafði skipið legið í Grindavíkurhöfn frá fyrra ári en verið siglt til Akraness í júní-júlí s.l.



Nefndarálit:

Orsök atviksins var slæmt ástand skipsins.